



Starfsskýrsla

Skógræktarfélags Garðabæjar

2018-2019



Skógardagurinn „Líf í lundi“ í Sandahlíð

Starfsskýrsla þessi nær til tímabilsins 1. sept. 2018 til 31. ágúst 2019

Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988 og fagnaði því 30 ára afmæli félagsins haustið 2018.

Félagið er félag allrar fjölskyldunnar, með um 348 félagsmenn.

Skógræktarsvæði félagsins eru; Smalaholt og Sandahlíð en þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns svo og Tjarnholt og Hádegisholt sem eru upp af Urriðavatni. Félagið var áður með ræktun í Leirdal við Lönguhlíð sem var tekinn undir þjóðlendur. Einnig er félagið að rækta jólatré í reit í Brynjudal í Hvalfirði. Þá hefur félagið yfir að ráða aðstöðu austast í landi Vífilsstaða fyrir plöntur og vinnuskúr fyrir verkfæri.



Útsýni ofan af Sandahlíð

Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu útivistarsvæða með framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

Stjórn félagsins

Stjórn Skógræktarfélagsins skipar frá aðalfundi 18. mars 2019:

- Krístrún Sigurðardóttir, formaður
- Sigurður Þórðarson, varaformaður
- Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari
- Barbara Stanzeit, gjaldkeri
- Einar Örn Jónsson, vefstjóri
- Björn Már Ólafsson, meðstjórnandi
- Sigurður Sigurkarlsson, meðstjórnandi

Varastjórn:

- Ásta Leifsdóttir
- Heimir Sigurðsson
- Jón Ásgeir Jónsson
- Smári Guðmundsson



Stjórn félagsins - frá aðalfundi 2019

Skoðunarmenn reikninga félagsins:

- Ólafur Nilsson
- Helgi Hjálmsón

Varaskoðunarmaður:

- Símon Ólafsson

Samstarfssamningur

Samstarfssamningur Skógræktarfélagsins við Garðabæ var endurnýjaður á aðalfundi félagsins 3. mars 2017 og gildir í sex ár til ársloka 2022.

Nauðsynlegt er að sammingsupphæð fylgi verðlagi svo fjárveitingin rýrni ekki of hratt. Samningurinn gerir félaginu m.a. kleift að gera verktakasamninga við fagfólk til starfa á skógræktarsvæðum félagsins.

Heimasíðan www.skoggb.is

Heimasíða félagsins var endurnýjuð á árinu og var formlega opnuð á aðalfundi félagsins í apríl 2019.

Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kunna að sækja hana heim. Þar eru birtar fréttir ásamt myndum og aðrar upplýsingar.

Á heimasíðu félagsins má nálgast áhugavert yfirlit fyrir sögu félagsins í 30 ár frá stofnun þess; <https://www.skoggb.is/felagid/agrip-af-sogu/>

Þar er einnig hægt að nálgast kort af skógræktarsvæðum í Smalaholti og Sandahlíð. <https://www.skoggb.is/wp-content/uploads/2019/01/Mynd.jpg>

Félagsstarf

Haustferð var farin 8. september 2018 um uppsveitir Árnassýslu þar sem heimsóttir voru áhugaverðir staðir, hlustað á ræktunarsögur og notið samveru félagsmanna. Fyrsti áfangastaður var gróðrastöðin Nátthagi í Ölfusti en þaðan var haldið í Þjóðskóginn í Haukadal þar sem hádegisnesti var snætt í grillskýli byggt úr trjám úr skóginum. Skógarbændur í Bláskógabyggð heimsóttir og sumarhúsaeigendur í Þjórsárdal.



Gestgjöfum voru færðar plöntur fyrir móttökurnar úr ræktun Barböru.

Myndasýning var haldin í Safnaðarheimilinu 26. nóvember 2018. Ferðasaga var sögð í máli og myndum frá kynnisferð Skógræktarfélags Íslands til norðurhluta Spánar í október. Boðið var upp á afmælistertu í tilefni af 30 ára afmæli félagsins.

Jólaskógur var í Smalaholti 15. desember kl. 12-16. Gestir nutu útiveru í skóginum þegar þeir komu í Smalaholtið til að velja jólatré. Í boði voru falleg furu- og grenitré. Jafnframt voru til sölu tröpputré og eldiviður í umboðsölu. Félagið bauð upp á kakó og piparkökur. Góð jólstemming var í skóginum en það vantaði snjóinn.

Félagið seldi 77 jólatré og þar af 12 sitkagreni til Garðabæjar sem prýddu bæinn um hátíðarnar.



Opinn jólaskógur er orðinn fastur liður í starfsemi félagsins enda full þörf á að grisja skóginn þar sem trén fara ört stækkandi.

Aðalfundur Skógræktarfélags Garðabæjar var haldinn 18. mars 2019 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli. Jóhann Óli Hilmarsson og dr. Ólafur Einarsson héldu erindi um fuglalíf í Garðabæ sem þeir hafa rannsakað í áraraðir. Talsverðar breytingar hafa orðið á fuglalífinu á þeim 14 árum sem liðu milli talninga þ.e. 2003 og 2017 sjá skýrslu https://www.skoggb.is/wp-content/uploads/2019/02/Fuglar_Sk%C3%B3gr_Gar%C3%B0ab_2017.pdf.

Erla Bil Bjarnardóttir hætti sem formaður félagsins til yfir 30 ára, eða frá stofnun þess 24. nóvember 1988. Erla Bil hefur stjórnað félaginu af miklum skörungskap frá upphafi og á hún bestu þakkir fyrir allt sem hún hefur unnið að fyrir Skógræktarfélag Garðabæjar, skógrækt og útivist í Garðabæ.

Barbara Stanzeit gjaldkeri félagsins færði Erlu Bil blómvönd sem þakklætisvott frá félaginu.



Nýr formaður var kosinn á fundinum, Krístrún Sigurðardóttir fráfarandi varaformaður félagsins. Þá var Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur kosinn í varastjórn en við það lækkaði meðalaldur stjórnarmann til muna. Á fyrsta stjórnarfundum félagsins eftir aðalfund var Sigurður Þórðarson kosinn varaformaður Skógræktarfélags Garðabæjar.



Hreinsunaráttak; Tíu vaskir skógræktarfélagar tíndu rusl í Smalaholti í blíðunni 30. maí. Verkefnið er liður í hreinsunaráttaki Garðabæjar og jafnframt fjáröflun fyrir félagið. Áberandi var plast og plasteinangrun sem fokið hafði af byggingarsvæðum í nágrenninu en hvítleiðast er mikið magn af sígarettustubbum sem eru sérstaklega áberandi á áningarstöðum, í skógarrjúðrum og á bílastæðum.

Skógardagur - Líf í lundi

Rúmlega hundrað manns á öllum aldri naut veðurblíðunnar á skógardegi í Sandahlíð laugardaginn 22. júní. Fjölskyldufólk var áberandi meðal gesta enda dagskráin sérstaklega skipulögð með það í huga. Meðal annars gátu gestir lært að tálga flautur, grilla brauð og sykurpúða yfir opnum eldi, spila á slagverk úr grisjunarviði og farið í fræðandi og skemmtilegan ratleik um skóginn.

Gleði skein úr hverju andliti og jafnt gestir sem skipuleggjendur hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar voru ánægðir með hvernig til tókst. Viðburðir sem þessir eru afar mikilvægir í starfi skógræktarfélagsins enda uppgötva þá margir þær útivistarperlur sem skógræktarsvæðin eru og þá góðu aðstöðu sem þar hefur verið byggð á undanförunum árum og áratugum.



Þetta er annað árið í röð sem Skógræktarfélag Garðabæjar stendur að skógardegi í Sandahlíð í tengslum við „Líf í lundi“ en það er áttak á vegum skógargeirans sem miðar að því að fá fólk til að koma saman í skóginum og gera sér glaðan dag. Ekki var annað að sjá en að það hefði tekist fullkomnlega að þessu sinni.

Yrkjugróðursetningar grunnskólanna

Skógræktarfélagið hefur haft umsjón með gróðursetningum grunnskólanema síðan Yrkjuverkefnið hófst árið 1990. Félagið hefur útvegað svæði til gróðursetninga, lánað verkfæri og ekki síst leiðbeint nemendum við gróðursetningu. Vandamálið er minnkandi landrými sem félagið hefur getað útvegað til gróðursetningar, en svæði til Yrkjugróðursetninga þarf að vera lítt gróið svo litlu bakkaplönturnar sem er úthlutað nái að komast á legg en kafni ekki í lúpínu eða grasi.

Mjög góð þátttaka skólanna í Garðabæ er í Yrkjuverkefninu, en um 640 nemendur tóku þátt í verkefninu 2019 og settu niður yfir 2000 birkiplöntur.

Yrkjugróðursetningar hafa undanfarin ár verið á eftirtöldum svæðum ýmist að vori eða að hausti:

- Bæjargarður í Garðahrauni, 4. bekkingar í Flataskóla og Hofsstaðaskóla
- Sandahlíð, austast við Guðmundarlund, allir nemendur Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans.
- Bessastaðanes, þátttaka 4. bekkinga í Álftanesskóla
- Hádegisholt við golfvöll Odds í Urriðaholti, Urriðaholtsskóli (nýtt 2019).



Hádegisholt við golfvöll Odds í Urriðaholti

Skógræktarfélagið hefur aflað leyfa fyrir þessi svæði hvert um sig, en er yfirleitt ekki með formlega undirritaða samninga.




Bæjargarðurinn

Mikilvægt er að grunnskólanemendur í Garðabæ fái tækifæri til að gróðursetja trjáplöntur í framtíðinni eins og hingað til en það er ekki hægt nema hafa landssvæði til að gróðursetja í.

Skógræktarfélagið sendi í vor erindi til bæjarráðs Garðabæjar til að óska eftir að bærinn komi til liðs við Skógræktarfélag Garðabæjar við öflun landssvæða til Yrkjugróðursetningar grunnskólanemenda í bænum.

Það er öfugsnúið í jafn grænum og vistvænum bæ og Garðabæ að ekki sé til heppilegt landsvæði til gróðursetningar með auknum áhuga fólks á loftlagsmálum. Yrkjugróðursetning nemenda í Garðabæ er jákvætt lóð á vogaskálinu til að sporna gegn loftlagsbreytingum. Þá er ekki síður mikilvægt að allur skógur sem eru í umsjá Skógræktarfélags Garðabæjar fái að vaxa og dafna til framtíðar, bæjarbúum og öðrum til heilla.

Framkvæmdir á tímabili starfsskýrslunnar



Lúpínusláttur meðfram göngustígum og aðkeyrslum fór fram bæði í Sandahlíð og Smalaholti. Verktaki var ráðinn til að slá lúpínuna enda er hún mjög ágeng planta og leggst yfir stíga og vegi þegar líður á sumarið ef ekkert er að gert. Hér er um að ræða mjög brýnt verkefni til að tryggja aðgengi íbúa að skógunum sem eru mjög vinsæl útivistarsvæði.

Grisjun fór fram undir háspennulínu í Smalaholti þar sem íkveikjuhætta getur skapast ef trén ná of hátt undir línurnar. Unnið var í reitum félagasamtaka í bænum þar sem hæstu trén voru felld. Víða útbjuggu skógarhöggsmennirnir skemmtilega hluti í skóginum s.s. sveppi, uglu og bekki þar sem trén höfðu verið felld.

Snyrting á trjám fór víða fram í Smalaholti og Sandahlíð og þá aðallega meðfram stígum.



Samstarf skógræktarféлага

Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar félagsins:

- Samráðsfundur Skógræktarféлага á suðvestur horninu um jólatrjárækt.
- Fulltrúafundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Elliðaárdalnum í mars þar sem flutt voru mörg áhugaverð erindi.
- Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2019 var haldinn af Skógræktarfélagi Kópavogs í Kópavogi í lok ágúst. Þar var boðið upp á áhugaverð og fræðandi erindi er tengjast skógrækt og vettvangsferðir um Kópavog.

Smalaholt í hættu - rammaskipulag um nýtingu Vífilsstaðalands

Stjórn félagsins hefur fylgst með þróun skipulagsmála, setið íbúafundi um málið, verið í samtölum við bæjaryfirvöld og sent inn ábendingar og athugasemdir við rammaskipulag Vífilsstaðalands og breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Þá hefur félagið fylgt málum eftir með fundum með bæjarstjóra, skipulagsyfirvöldum, formanni bæjarráðs, formanni umhverfisnefndar o.fl.

Meðferðarheimili í Smalaholti

Félagið heyrði fyrst af fyrirhugaðri byggingu meðferðarheimilis fyrir unglunga í Smalaholti í frétt í Morgunblaðinu 19. desember 2018. Í framhaldinu var farið að leita upplýsinga hjá skipulagsyfirvöldum í bænum og óskað eftir samráði við Skógræktarfélagið varðandi staðsetningu, enda var heimilið staðsett í miðjum Landgræðsluskógi sem byrjað var að gróðursetja 1990. Félagið er ekki á móti því að meðferðarheimili verði reist í Smalaholti en óskaði eftir samstarfi varðandi staðsetningu og aðkomu að heimilinu. Skipulagsyfirvöld urðu við ósk félagsins og hafa verið haldnir nokkrir fundir þar sem farið hefur verið yfir málið og staðsetning hnikað til í átt að því sem félagið óskaði eftir.

Stækkun á golfvelli GKG yfir skóginn í Smalaholti?

Vorið 2018 birtist frétt í Morgunblaðinu og teikning með tillögu GKG að framtíðaruppbyggingu golfvallarins. Stjórn Skógræktarfélagsins var nokkuð brugðið þar sem hún hafði ekkert heyrt um að til stæði að stækka golfvöllinn á kostnað skógarins.

Samkvæmt tillögu GKG átti að leggja tæplega 6 brautir í skóginum og voru þær teiknaðar á svæði þar sem byrjað var að planta fyrir 30 árum af nemendum í grunnskólum bæjarins, félagasamtökum s.s. Lions, Kvenfélaginu, Kiwanis, skógræktarfélögum o.fl. Þarna er ekki aðeins verið að skerða skóginn sem útivistarsvæði fyrir almenning heldur einnig að gera lítið úr allri þeirri vinnu sem bæjarbúar hafa lagt að mörkum. Síðan og ekki síst er verið að skerða eina af aðal mótvægisáðgerðum sem við Íslendingar höfum til að sporna gegn hamfarahlýnun, sem er skógur. Það er þekkt staðreynd að gróskumikill og vaxandi skógur mun gegna mikilvægu hlutverki við að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu. Skógurinn í Smalaholti er ekki ungskógur heldur skógur í miklum og vaxandi vexti, tré orðin allt að 10 m há og því mjög öflug í að binda kolefni.



Í framhaldinu var haft samband við yfirvöld í Garðabæ til að grennslast fyrir um málið. Stjórnarmenn hafa átt nokkra fundi með skipulagsyfirvöldum sem m.a. óskuðu eftir hugmyndum Skógræktarfélagsins á því hvaða svæði væri minnstur skaði ef þau færu undir golfvöll og hefur félagið orðið við þeirri beiðni.

Félagið bindur miklar vörnir við að skipulagsyfirvöld í Garðabæ taki tillit til óska félagsins varðandi Smalaholt og þá ekki síst vegna loftlagsmála enda skógurinn ein af mótvægisáðgerðum í Garðabæ til að auka kolefnisbindingu í bænum.

Starfsáætlun 2019-2020

- Verja og vernda skógræktarsvæði félagsins
- Snyrta og viðhalda skóga á umsjónarsvæðum félagsins.
- Sala jólatrjáa af svæðunum er tvíþætt; stuðlar að grisjun skóga og býður fjölskyldum uppá afþreyingu.
- Skógardagur – Líf í lundi
- Umsjón með Yrkjugróðursetningu grunnskólabarna í Garðabæ
- Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnreit.
- Viðhald stíga í Smalaholti og Sandahlíð.
- Gerð fræðsluskilta, merkingar trjáteguna og stíga o.fl.
- Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna
- Gróðursetning og umhirða í jólatrjáareit í Brynjudal
- Endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum
- Leggja nýja útivistarstíga í Hádegisholt
- Vinna að öflun nýrra skógræktarsvæða
- Fræðsla til félagsmanna og annarra s.s. með haustferð, myndakvöldi og fræðsluerindi
- Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2019 - 2020

Félagið stefnir á að ráða verktaka eða starfsmann sumarið 2020 til ýmissa verkefna. Haldið verði áfram með stígagerð og áningastaði og þeim viðhaldið á svæðunum.

Kostnaðaráætlun fyrir starfstyrk frá bæjarsjóði starfsárið 2019-2020:

Útivistarstígar – viðhald og nýlagning, grisjun o.fl.	kr.	2.000.000
Rekstur á heimasíðu félagsins	kr.	160.000
Tilfallandi kostnaður vegna starfseminnar	kr.	<u>840.000</u>
Samtals	kr.	3.000.000

Samkvæmt samstarfssamningi Skógræktarfélagsins við Garðabæ ber stjórn félagsins að skila árlega starfskýrslu við gerð fjárhagsáætlunar, nú skilað 24. september 2019.

Garðabæ, 24. september 2019

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

Kristrún Sigurðardóttir formaður

Sigurður Þórðarson varaformaður